

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1982

# Útilegumannahellir við Eldvörp á Reykjanesi

Guðmundur Ólafsson



4

Reykjavík 2008

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

Endurbætt skýrsla frá 2002 með ljósmyndum.

*Forsíðumynd: Horft inn í hellinn sem fannst við Eldvörp. Inn í honum sjást m.a. steinhleðslur og hellur sem raðað hefur verið saman í stafla (GÓL-1982-7-10).*

# Útilegumannahellir við Eldvörp á Reykjanesi



Mynd 1 Borhola EH-1 í við Eldvörp. Hellirinn er á bak við ruðninginn (GÓL-1982-7-1).

## Aðdragandi

Mánudaginn 8. nóvember 1982 var verið að jafna svæðið umhverfis nýja borholu EH-1 við Eldvörp á Reykjanesi. Skyndilega brotnaði hraunið niður á einum stað undan þunga vinnuvélanna.

Reyndist vera dálftill hellir þar undir og er betur var að gáð sýndust mönnum vera einhver mannaverk þar inni, svo sem grjóthleðslur og einhverjar beinaleifar.

Jón A Jónsson, sem stjórnaði þessu verki, tilkynnti lögreglunni í Grindavík um þennan fund, og í kjölfar þess hafði Guðfinnur Bergsson, varðstjóri, samband við Þjóðminjasafnið.

## Vettvangskönnun

Þann 11. nóvember fór skýrsluhöfundur á staðinn og kannaði hellinn. Bjart og gott veður var þennan dag en nokkuð frost. Lauslegur uppdráttur var gerður af hellinum eftir mælingu sem fór þannig fram að á yfirborði var svæðið stíkað til þess að fá fram heildarlengd hellisins sem reyndist vera um 30 m langur og allt að 6 – 8 m breiður. Undir yfirborði var notaður tommustokkur til þess að mæla lengd hellisins, breidd og hæð.

Þétt hríðarmugga skall á skömmu eftir að komið var á staðinn og kom í veg fyrir frekari mælingar á svæðinu.






Mynd 2. Snævi þakið hraun umhverfis op hrauhellisins (GÓL-1982-7-3).

Þar eð syðsti hluti aðalhellisins hafði hrunið niður og hugsanleg að undir ruðningunum væri að finna frekari verksummerki um hellisbúa, reyndist nauðsynlegt að koma síðar og kanna svæðið betur.

Þann 24. nóvember var aftur komið á staðinn og þá var allt lausagrjót fjarlægt með hjálp starfsmanna Hitaveitu Suðurnesja. Varð afrakstur þeirrar rannsóknar þó ekki ýkja mikill. Engar frekari hleðslur komu í ljós umfram þær sem fundnar voru eða annað það sem upplýst gæti frekar um hver eða hverjir hefðu hafst við í helli þessum.



Mynd 3. Horft inn í hellinn. Leifar af hellum og hleðslugrjóti fyrir miðju (GÓL-1982-4).



Mynd 4. Flatarteikning og sniðteikningar af hellinum og afstaða hans við borholu (Teikn. GÓ.).

### *Hellirinn*

Hæð aðalhellisins er mest um 1,5 m en víðast mun lægri. Hvergi er hægt að ganga uppréttur og víða þarf að skriða á fjórum fótum til þess að komast áfram. Á gólfi hellisins sást hvergi neitt sorp, og það var allt alsett smáum hraunnibbum, sem gerir það mjög óþjálmt að skriða um.

Úr aðalhellinum að norðanverðu gengur langur hraungangur í S-laga bugðu, sem ekki er hærri en 40 – 50 cm, svo að rétt er hægt að komast eftir honum. Nálægt nyrðri enda gangsins er náttúrulegt op út úr hliðinni við náttúrulega sprungu í hrauninu. Utanfrá lítur hún út eins og lítil gjóta og er ógerlegt að sjá að þar sé um inngang í helli að ræða. Op þetta er þannig staðsett að nær útilokað er að skepnur fari sjálfar þá leið inn í hellinn. Fleiri bein lágu þar á gólfi og var þeim sem til náðist safnað saman og þau tekin til varðveislu.

Suðvestast á gólfi hellisins var dálítið af sandi og mosa, sem gæti bent til þess að þar hefði verið einhvers konar flet, þó að ekki sé útilokað að þetta sé hrun úr þakinu.

### ***Op í þaki***

Jarðýta hafði brotið niður syðsta hluta aðalhellisins og var hann þar fullur af hraunhellum sem hrunið höfðu úr þakinu. Nálægt miðju var manngert op í þakinu, um hálfur metri í þvermál. Upp í það hafði verið hlaðið grjóti að utanverðu. Frágangur var þannig að utanfrá séð var ekki hægt að greina að hellir væri þar undir, nema fyrir þann sem vissi af honum.



Mynd 5. Tvær steinaraðir, með fjórum til fimm lögum af steinum, eru til vinstri á myndinni. Til hægri eru hraunhellur sem raðað hafði verið upp á rönd. Fremst á myndinni sjást nokkrar beinaleifar sem hvítir blettir, vegna myglusveppa sem á þeim hafa myndast (GÓL-1982-7-10).

### ***Steinaraðir***

Undir sjálfu opinu var mosa þakinn grjótbíngur. Til hliðar við opið og austan megin við það voru greinilegar grjóthleðslur, hlaðnar sem tvær einfaldar raðir sem lágu samsíða, með um 60 – 80 cm millibili. Hæð þeirra var mjög ójöfn, náðu þó um 80 cm hæð þar sem hæst bar. Lengd hleðslanna var um 2 m.

### ***Hraunhellur og beinaleifar***

Hinum megin við opið, eða vestan við það voru nokkrar flatar þunnar hraunhellur sem lagðar höfðu verið upp á rönd. Önnur mannaverk voru ekki sjáanleg í hellinum, nema nokkrar beinaleifar sem bentu til þess að menn hefðu hafst þarna við og matast.

Dr. Stefán Aðalsteinsson athugaði beinin sem fundust í hellinum og telur að þar sé um að ræða bein úr að minnsta kosti 6 kindum, bæði ungum og gömlum. Því fór þó fjarri að um vær að ræða 6 heilar beinagrindur. Sjá mátti að sum beinanna höfðu verið brotin til mergjar og engin bein báru þess vott að dýrbítur hefði dregið þau inn í hellinn og nagað þau þar, eins og einnig hefði komið til greina.



Annars sáust óvenju lítil ummerki um matreiðsluna á beinunum. För eftir eggjárn sáust á 1 – 2 beinum, og taldi Stefán að það gæti bent til þess að kjötið hefði verið soðið í mauk. Athyglisvert er að hellirinn er á miklu jarðhitasvæði og eru m.a. til sagnir um að hingað hefðu menn farið til að baka hverabrauð við jarðhitann fyrr á öldinni. Hér hefur því vafalaust mátt sjóða kjöt án þess að kveikja upp eld, enda fundust engin merki þess að í hellinum hefði nokkurn tíma verið kveiktur eldur í hellinum. Einnig er hugsanlegt að í honum hafi verið nægilega heitt vegna jarðhitans, þannig að önnur upphitun var óþörf.

### ***Aldur***

Engir gripir fundust sem bent gætu til aldurs mannvistarminjanna. Um aldur minjanna í hellinum er því lítið hægt að segja með vissu nema að beinin verði aldursgreind. Víst er að hellirinn hefur ekki verið í notkun um mjög langan tíma áður en hann fannst. Það sýnir t.d. mosinn á steinunum undir útgönguopinu og útlit beinanna, sem voru þakin hvítum sveppagróðri.

Aðeins verður um ágiskun að ræða hvenær hellirinn hefur verið í notkun. Eðlilegast er að setja mannvistarleifarinn í sambandi við útilegumenn á Reykjanesi og aðra útilegumanna-byggð sem talin er vera skammt frá þessum stað, líklega á 18. öld, og sagt er frá í bókinni Útilegumenn og auðar tóttir. Þar birtist líka frásögn af þessum helli. Hellirinn er nánast ósýnilegur ókunnugum og er því ágætt fylgsni sem hægt er að láta sig hverfa ofan í fyrirvaralaust. Hann er hins vegar óhentugur til langtíma dvalar. (Gísli Gestsson, 1983)

### ***Niðurstaða***

Niðurstaða rannsókarinnar er sú að hér sé um felustað að ræða, sem ekki hafi endilega verið ætlaður til stöðugar búsetu. Fremur sem fylgsni sem hægt var að skjótast í ef á þurfti að halda.

Sjá má að margt styður slíka túlkun. Í fyrsta lagi má nefna frágang opsins í þaki hellisins. Greinilegt var að síðasti hellisbúinn yfirgaf staðinn gekk hann þannig frá innganginum að utanverðu, að sem minnst bæri á því. Hann hefur því ekki viljað að hellirinn fyndist. Að öðrum kosti hefði hann væntanlega reynt að auðkenna opið svo að auðvelt væri að finna það.

Verksummerki í hellinum benda ekki til viðvarandi, eða langrar búsetu. Að beinunum undanskildum var gólfið algerlega laust við allt sorp, sem jafnan fylgir allri mannvist. Sjálfur hellirinn er fremur óþægileg vistarvera. Hvergi var hægt að standa uppréttur í honum og víðast þarf að skríða um hann á fjórum fótum. Einnig voru gólf og loft hellisins alsett litlum, hvössum hraunnibbum sem auðvelt er að meiða sig á, ekki síst ef farið er um í myrkri. Ætla má að það hefði verið eitt fyrsta verk væntanlegs íbúa að bera eittvað á gólfið til þess að hrufla sig ekki stöðugt á höndum og fótum.

Steinhleðslurnar og hellurnar sýna að einhver hefur ætlað sér að nota hellinn oftar en einu sinni og verið byrjaður á að koma fyrir einshvers konar umbúnaði í hellinum og að meira var fyrirhugað. Ef til vill er hleðslurnar leifar af ófullkomnum rúmbálki, þó óþjáll virðist nú. Líklega hefur hellisbúinn getað hlúð betur að sér með gærum og mosa, þó þess sjáist ekki lengur merki. Hraunhellurnar sem búið var að taka niður um opið og leggja í stafla, benda til þess að frekari framkvæmdir hafi verið fyrirhugaðar.

Litla útgönguopið við norðurenda hellisins hefur verið möguleg undankomuleið og gert hellinn að tilvöldu fylgsni.

Beinin sanna að einhver hefur hafst við í hellinum og snætt þar allmargar máltíðir, af a.m.k sex kindum. Kjötið hefur hann getað soðið við jarðhita í nálægum gíg.

Þó að hér sé talað um hellibúann í eintölu, er ekki hægt að útiloka að fleiri en einn hafi verið þarna á ferð. Stærð hellisins og umbúnaður hans bendir þó fremur til þess að hellisbúar hafi varla getað verið fleiri en tveir eða þrír.

Ef giskað er á hvenær hellirinn hafi verið í notkun, má telja líklegast að það hafi verið fyrir um 200 – 300 árum, án þess þó að hægt sé í raun að rökstyðja það neitt nánar.

Þess má geta að margir fleiri hellar og hellisskútar eru í Eldvörpum og vel má vera að þar megi finna fleiri hella sem notaðir hafa verið sem felustaðir fyrr á tímum, um svipað leyti og þessi hellir. Fróðlegt væri að gera ýtarlegri könnun á útilegumanna-byggðinni sem talin er vera þarna skammt frá og reyna að komast að raun um aldur hennar og eðli.

### **Heimild**

Gísli Gestsson. (1983). Útilegumannahellir við Eldvörp. Í Ólafur Briem, *Útilegumenn og auðar tóttir* (Önnur útgáfa. Aukin og endurbætt, bls. 156-159). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.